

☆ Ísraelsfréttir

Ábm. Andrés Guðbjartsson

1. tbl. 10. árg. 2002



Laufskálahátíðin 2002

Ertu með til Jerúsalem ? Sjá nánar á baksíðu blaðsins...

www.zion.is

Nýr þáttur á Ómega

ÍSRAEL Í DAG Stjórnandi Ólafur Jóhannsson

Margir hafa haft spurnir um væntanlegan fréttabátt um og frá Ísrael. Þessi þáttur mun hefja göngu sína innan skamms, einu sinni í viku. Þó svo að þátturinn beri nafnið Ísrael í dag, munum við einnig taka á efninu Ísrael í gær. Hvernig landið varð til og hvers vegna. Við segjum frá fyrirheitum sem gefin voru Abraham, Ísak og Jakob. Einnig frá þjáningum þessarar útvöldu þjóðar í Egyptalandi í 430 ár, um baráttu þeirra, sigra og ósgra í hinni

40 ára eyðimerkugöngu. Hvernig Drottinn var með þeim allan tímann. Hann stóð við fyrirheit sín. Við segjum frá Sál, Davíð og Salomon sem lét byggja hið mikla Musteri í Jerúsalem á Móríah hæð. Einnig segjum frá Jerúsalem, sem Davíð gerði að höfuðborg Ísraels árið 1004 f.kr. og hefur ekki verið höfuðborg neins annars ríkis síðan.

Fyrir utan hina Biblíulegu fræðslu um það sem var og verður, þá verður athygli þessara þátta beint að atburðum sem eru að gerast í dag í Ísrael og samskipti við nágbranna. Við styðjumst við fréttahæimildir sem við fáum daglega frá Ísrael og frá þeim fjölmiðlum sem við treystum. Um alltof langan tíma höfum við verið mötuð á mjög hlutdrægum og neikvæðum fréttum sem flestar koma frá svæðum óvina Ísraels. T.d.Gasa, Nablus, Ramallah og Hebron. Við munum leitast við að segja satt og rétt frá þeim atburðum sem eiga sér stað í Ísrael og landssvæði Palestínu í hverri viku.

Að vera hlynntur og málsvari Ísraels þýðir ekki að við þurfum að vera sammála öllu því sem Ísraelar gera, en við viljum einnig að þeirra sjónarmið og barátta fái réttláta meðferð í fjölmiðlum. Í þessum þáttum munu koma fram einstaklingar sem hafa farið til Ísraels t.d tekið þátt í hátíðum eða unnið á samyrkjubúum. Einnig verða viðtöl við þá Ísraelsvini sem vilja taka þátt í slíkum þætti. Hverjum þætti er skipt í tvo hluta og á milli sjáum við myndir og heyrum tónlist frá Ísrael. Einnig eru hugmyndir að leyfa áhorfendum að koma með spurningar sem tengjast Ísrael, landi og þjóð. Þeim spurningum verður reynt að svara í næsta þætti á eftir.



Skóli vonarinnar í Beit Jala

Hvað er Zíon, vinir Ísraels? Stefna og markmið. (Jes:62,6-7)

Vinir Ísraels eru sem "varðmenn við múra Jerúsalem sem aldrei þegja, hvorki um daga né nætur"... uns Hann reisir Jerúsalem og gjörir hana vegsamlega á jörðinni.

Félagar eru einstaklingar sem trú á boðskap Biblíunnar, fyrirheit hennar fyrir alla tíma.

Félagar líta á stofnun Ísraelsríkis 1948 sem hluta af uppfyllingu fyrirheita sem gefin hafa verið í Biblíunni.

Félagar trú á mátt bænarinnar og hvetja presta og forstöðumenn hinna ýmsu samfélaga að minnast þessa Lands og þjóðar með blessunum sínum og fyrirbænum.

Félagið styrkir á allan hátt þá sem vilja hjálpa gyðingum að verja land sitt og sjálfstæði. Einnig að græða þau sár sem landið og

þjóðin hefur hlotið, og mun hljóta !

Félagar standa í gegn kynþáttamisrétti hvar sem er, gegn ógnum og hryðjuverkum hvaðan sem þau koma.

Félagar munu stuðla að og hafa áhrif á, að sem flestir geti heimsótt Landið helga og tekið þátt í hátíðum sem tengdar eru Biblíunni sbr. Páskar, Hvítasunnuhátíð og Laufskálahátíð.

Félagið mun aðstoða ungt fólk sem vill vinna á samyrkjubúum, til lengri eða skemmri tíma.

Félagið styrkir skólastarf (Skóli vonarinnar) meðal palestínu/araba og gyðinga.

Að vera vinur Ísraels, þýðir ekki að vera óvinur annarra...

Betlehem



Í Desember s.l. fékk ég tækifæri að fara til Ísraels og vera þar yfir jól og áramót. Ferðin frá Kaupmannahöfn gekk ekki eins vel og ég hefði viljað. Vegna þess að EL-AL og SAS eru hætt að fljúga beint til Tel-Aviv, varð ég að fljúga með Air-France til Parísar og skipta þar um vél til Tel-Aviv. Þar sem vélinni seinkaði, missti ég af fluginu til Ísraels svo ég varð að fljúga til baka til Amsterdam og þaðan komst ég til Tel-Aviv. Allur dagurinn frá kl. 07:15 til kl. 24:00 fór í þessa ferð, en þegar ég komst á áfangastað, vantaði allar töskur mínar. Þær komu þó 5 dögum seinna. Ég var fljótur að gleyma þessum erfiðleikum, þegar ég var kominn upp til Jerúsalem. Ég var svo heppinn að tveir dagar voru eftir af Hannukkah hátíðinni í Jerúsalem og gat ég tekið þátt í þeirri gleði (hátíð ljóssins). Á þeim stað þar sem ég bjó var mér boðið að kveikja á áttunda kertinu, hinu síðasta, sem tilheyrir þessari hátíð. Í síðasta tölublaði okkar var sagt frá Hannukkah hátíðinni, sem einnig er nefnd í NT, Musterisvígsluhátíðin. Jesús tók þátt í þeirri hátíð. Á jólum fyrir ári síðan var ég einnig í Jerúsalem og fór ég með hóp til Betlehem, þar sem við höldum útisamkomu. Það var ógleymanleg stund. Að þessu sinni var ég beðinn að fara með 35 manna hóp til Betlehem á aðfangadagskvöld og hafa útisamkomu eins og á hinum fyrstu jólum. Það var búið að segja og tilkynna í fjölmiðlum hér á landi að allt væri lokað og enginn gæti komist til Betlehem yfir jólahátíðina. Þetta var ein af þessum röngu fréttum frá þessum stað. Um tuttugum manns í þessum hópi voru ungir Bandaríkjamenn, sem tilheyrðu Biblíuskóla í Baltimore. Þegar við ókum í gegnum varðstöð Ísraelskra varnarliðsmanna, veifuðu þeir okkur og kölluðu brosandí "Merry Christmas!!!"

Aðalástæðan fyrir því að ég skrifa þetta bréf, er sú blessun sem við sannreyndum á útisamkomunni í Betlehem. Veðrið var gott og fjöldi íbúa í Betlehem kom og hlustuðu á söng okkar og vitnisburð. Við vorum með nokkuð af smáritum á arabísku sem við gátum gefið. Einnig fengu börnin sælgæti, sem við komum með okkur. Það var lítið sem minnti á jól á þessu aðfangadagskvöldi, en stórar myndir af Arafat voru á nær öllum

húsum. En sá ógleymanlegi atburður gerðist að tveir ungir Palestínu/arabar komu til okkar og vildu fræðast meira um þann boðskap sem við vorum með. Friðarboðskapinn. Þeir gáfu líf sitt, þeim Friðarhöfðingja sem fæddist í Betlehem.

Við urðum að fara afsíðis með þá þar sem ekki var alveg hættulaust fyrir þá að játa Jesú opinberlega, þar sem þeir komu úr fjölskyldum múslíma. Fyrir mig var þetta nú tvöföld blessun þegar ég komst að því að annar þessara ungmenna hafði verið í skóla Vonarinnar í Beit-Jala fyrir nokkrum árum. En þessi skóli er nokkuð þekktur á meðal okkar, þar sem einstaklingar og söfnuðir hafa styrkt nemendur í þessum skóla til margra ára. Annar þessara pilta er farinn að heiman, þar sem fjölskylda hans afneitar honum fyrir ákvörðun hans að gerast kristinn. Móðir hans segir hann ekki son sinn lengur og samkvæmt trúarsíðum þessara múslíma má taka hann af lífi, þar sem hann hefur svívirt trú feðra sinna. Kristnir vinir í Betlehem og í Nasaret hafa komið honum fyrir, þar sem ættingjar hans ná ekki til hans. Hinn pilturinn er enn heima hjá sér, en honum er bannað að tala um trúarreynslu sína.

Hinir kristnu í Betlehem og nágrenni hafa þurft að líða ofsóknir vegna trúar sinnar eftir að Betlehem komst undir yfirráð palestínumanna en meiri hluti þeirra eru múslímar. Í löndum múslíma kostar það fórnir að taka á móti trú á Jesú Krist. Minnumst hinna kristnu palestínumanna í bænum okkar, sem líða oft saklausir vegna hryðjuverka samlanda sinna. Ó.J.

**Drottin blessi þig frá Síon,
hann sem er skapari himins og jarðar.
(sálm.134,3)**

Allah er ekki okkar Guð

HRYÐJUVERK ERU STAÐREYND.



99,9% af hinum alþjóðlegu hryðjuverkum eru framkvæmd af þeim sem eru trúir fylgendur Islam. Stjórnámálemenn okkar og leiðtogar ættu að hafa hugrekki til að kanna innviði Islam. Var 11. September nauðsynlegur?

Gyðingar hafa í 53 ár þurft að verjast árásum og hryðjuverkum frá arabískum nábúum þeirra og síðan 1967 hafa verið tímabil ógna og glæpa sem eiga upptök sín í hinni múslímsku "Intefada" (uppreisn) og "Jihad" (heilagt stríð). Á síðustu 15 mánuðum hafa meira en 1400 misst lífið og þúsundir eru varanlega örkumlaðir. Öll þessi hryðjuverk hafa átt upptök sín í Islam, trúarbrögðum múslíma. Ólíkir hópar múslíma hafa staðið fyrir flugránum, sprengt upp sendiráð og byggingar, drepit fjölda gyðinga og fylgismanna þeirra. Mannrán og fleiri glæpir rekja upphaf sitt til Islam. Afleiðingar þessa hafa leitt hundruð saklausra í dauða og fjölda særðra. Mörg þessara hryðjuverka voru að undirlagi hryðjuverkasamtaka PLO og með vitund Yassir Arafats. Það er staðreynd að 99,9% af öllum alþjóðlegum hryðjuverkum eiga rætur sínar hjá þeim sem stunda af einhug Islam og þær kenningar sem bók þeirra Kóraninn flytur. Það er einnig staðreynd að alþjóðleg hryðjuverk eru ekki framkvæmd af gyðingum, kristnum, hindúum, búddistum, kommúnistum, nasistum eða öðrum, heldur af þeim mönnum sem á þeim augnablikum áður en þeir beita sjálfsmorðssprengingum hrópa Allah Akbar (Guð er mikill) og vitna í ritningar úr Kóraninum.

Ég á erfitt með að skilja þá menn sem jafnvel þjóna í kirkjum og kristnum samfélögum fullyrða að Guð Abrahams, Isaks og Jakobs sé hinn sami Guð og Allah múslíma.

Ef svo væri, myndu fylgjendur Allah gleðjast yfir stofnun Ísraelsríkis, heimkomu gyðinga og yfir vexti kirkjunnar um allan heim, einnig í löndum Islams. Við vitum um þær þjáningar sem margir kristnir menn þurfa að líða í löndum múslíma t.d. í Súdan, Saudi-Arabíu, Afganistan og í fleiri múslímskum löndum. Þar eru einnig handtökur sem oft leiða til dauðarefingar.

Islam mun auka skilning okkar á baráttu Ísraels og ófriði við botn Miðjarðarhafsins sem er ekki fyrst og fremst barátta við múslíma, heldur við "anda Islams."

Um leið og Bandaríkin töldu sig hafa öruggar sannanir gegn Osama bin Laden og samstarfsmönnum hans fyrir að standa á bak við hryðjuverkin í New-York 11. september s.l. þá var einhugur meðal fjölda ríkja að fara í stríð gegn hryðjuverkum. Byrjað var í Afganistan. Mörg ríki hafa stutt þessa hugmynd og margar þjóðir hafa sent hermenn sína á þau svæði þar sem hryðjuverkamenn eru taldir hafa haft aðsetur sitt. Sigrar hafa unnist!

En hvar hafa þessar "Sameinuðu þjóðir" verið s.l. 53 ár eða þó við segjum bara á síðasta ári þar sem sannanir hafa verið ótvíræðar fyrir því hverjir hafa staðið á bak við hin ótal hryðjuverk í Ísrael gegn saklausum borgurum. Hin mörgu múslímsku samtök hryðjuverka t.d. Hamas, Al-Fatah og Hizbollah hafa verið fljót að viðurkenna glæpi sína.

Sem kristnir Ísraelsvínir og Zíonistar verðum við að gæta okkar að dæma ekki alla Palestínu/araba seka. Það eru ekki allir arabar múslímar og það eru ekki allir múslímar hryðjuverkamenn.

Það er margir Palestínu/arabar sem búa á hinum svokallaða Vesturbakka, sem fordæma sjálfsmorðsárásir og önnur hryðjuverk sem framin eru í garð Ísraels. Og fjöldi kristinna Palestínu/araba í Betlehem og nálægum svæðum þurfa að líða ofsóknir múslíma, og fjöldi hefur flúið þaðan á liðnum árum.





6,5 milljónir í Ísrael

Við ársbyrjun 2002 var íbúafjöldi í Ísrael 6,5 milljónir. Af þeim fjölda voru 5,3 milljónir gyðinga og 1,5 milljónir arabar. Á árinu 2001 komu 45.000 nýir innflytjendur til Ísraels.

Vopnasmygl.

50 tonn af vopnum á leið til Gasa. Það var innihaldið í farmskipi sem Ísraelskir eftirlitsmenn komust að í byrjun Janúar. Vopnin komu frá Íran og átti að smygla þeim inn á Gasa-svæðið.

Ísraelska upplýsingarþjónustan komst á snoðir um athæfið svo að þegar skipið var um 500 sjómíllur frá Ísrael, á Rauðahafinu, tókst Ísraelska hernum að yfirbuga skipið á aðeins 8 mínútum án þess að hleypa einu skoti af. Skipstjórnin var sjóliðsforingi hjá palestínsku heimastjórninni. Í fangelsi játaði hann aðild sína að þessu smygli sem hann sagðist gera eftir fyrimælum frá yfirmönnum sínum. Jafnt Íran sem heimastjórn Palestínumanna neituðu allri vitneskju um málið. Ísrael ályktaði að verðmæti vopnanna væri um 1,6 milljarðarkróna. Meðal vopna voru langdrægir Katyusha-eldflaugar sem hefðu getað ógnað stórum hluta Ísraels. Yasser Arafat neitaði allri vitneskju um þetta og gaf í skyn að þetta væri sviðsett af Ísrael, sem áróðursbragð. Fjöldi fjandmanna Ísraels tóku undir þetta. Jafnvel hér á Íslandi voru menn sem tóku undir þessa hugmynd. Leyniþjónusta Bandaríkjanna og Ísraels vissu betur.

George W. Bush, forseti Bandaríkjanna jók þrýsting á Yasser Arafat og sendi ríkisstjórnnum þriggja arabaríkja gögn til stuðnings því að heimastjórn Arafats hefði verið viðriðin vopnasmyglið. Þessi yfirlýsing og fleiri sannanir urðu til þess að Arafat tók á sig

ábyrgð á vopnasendingunni. Arafat hafði þvertekið fyrir að hafa vitað neitt um sendinguna. Íslensk dagblöð hafa ekki verið mjög jákvæð í garð Ísraels og þegar þetta varð upplýst með vopnasmyglið, var það aðeins eitt dagblað DV, sem birti smá klauðu inni í blaðinu 16. febrúar s.l. með yfirskriftinni. "Arafat tekur á sig ábyrgð".

Ógnir frá Íran,

Íran hefur framleitt fyrir Hizbollah í Líbanon eldflaugar sem draga 70 km! Ef þessar fréttir eru sannar þá geta hryðjuverkasamtök í Líbanon skotið yfir stóran hluta af norður Ísrael. Hinir trúarlegu leiðtogar í Íran hafa um áráraðir predikað og hvatt til geryðingar á Ísrael. Ayatollah Khomeini, hinn andlegi leiðtogi landsins hafði hvað eftir annað hvatt til að Ísrael verði útrýmt af jörðinni. Nú segja upplýsingarþjónustur að eftir misheppnaða Camp-Davíðs friðarsamninga árið 2000 hafi Arafat byrjað nána samvinnu við Íran og Hizbollah í Líbanon. Í byrjun febrúar sagði arabískt dagblað í London að Jórdönsk yfirvöld hefðu sannanir fyrir því, að Íran stæði bak við tilraunir til árása frá Jórdönsku landi. Abdullah konungur óttast framvindu þessara mála og hefur beðið Bandaríkin um hjálp. Ísrael hefur um áráraðir varað við því að Íran sé miðstöð hryðjuverkasamtaka í Mið-Austurlöndum. Mesta ógnunin er sú að Íran hafi kjarnorkuvopn undir höndum. Í Janúar fordæmdi Bush Bandaríkjaforseti Íran fyrir að vinna að þróun geryðingarvopna.

Arafat líkt við Hitler

Í Morgunblaðinu 19.febrúar s.l. var haft eftir Milos Zeman, forsætisráðherra Tékklands að hann líki Arafat, forseta heimastjórnar Palestínumanna, við Adolf Hitler og segir að það ætti að koma til greina að reka Palestínumenn frá Vesturbakkanum og Gazasvæðinu ef þeir gengju ekki að friðartillögum Ísraels. Í tveggja daga opinberri heimsókn til Ísraels sagði Zeman m.a.

að Ísraelar ættu ekki að þurfa að semja við Arafat, fremur en leiðtogar ríkja heims hefðu átt að standa í samningaviðræðum við Hitler fyrir heimsstyrjöldina síðari. Þegar Zeman var spurður hvort hann væri að líkja Arafat við Hitler svaraði hann: "Að sjálfsögðu."



Islam og kristindómur sameinast ekki!

Það er niðurlægjandi og óhugsandi fyrir múslima að Islam og Kristindómur geti átt samleið. Fyrir hinn rétttrúaða múslima er Islam hátt upp hafið yfir bæði Gyðingdóm og Kristindóm. Allah hefur fordæmt gyðinga og Ísrael – hina kristnu og kirkjuna.

Það sem eftir stendur er Islam, Kóraninn, Allah og spámaður hans Múhameð. Að sjálfssögðu er þetta ekki neitt vandamál milli hans Kristins í gestamóttökunni á hótelinu og Múhameðs sem vinnur í eldhúsinu á sama stað eða hennar Rósu í eldhúsi hótelsins og hennar Issu sem vinnur í herbergjaþjónustunni. Issa og Múhameð mæta á helgidögum múslíma, taka þátt í Ramadan hátíðinni. Óskar og Rósa koma að jafnaði í kirkju á jólum og öðrum stórhátíðum. Einnig við giftingar og jarðarfari. Þessir fjórir einstaklingar geta vel lifað saman í sátt og samlyndi - og gera það. Trúarafstaða þeirra aðskilur þau ekki vegna þess að þau hafa enga afgerandi trúarreynslu. Það er nauðsynlegt að skilja það að þessir fjórir einstaklingar eru ekki fulltrúar sannrar Kristni né Islamstrúar.

Þann 24. október s.l. söfnuðust um 1000 manns í Nörrebrohöllinni í Kaupmannahöfn undir forystu Hizbollah-ut-Tahir. Þetta var ákveðinn hópur strangtrúaðra múslíma sem neituðu að beygja sig undir nokkra stjórn sem væri í andstöðu við múslímsk lög og reglur. Þeir formæltu lögum sem eru undir áhrifum frá gyðingdómi og kristni sbr. Biblíuna. Yfirlýsingar þeirra eru ekki öfgar né "ofsatruð" þeirra heldur sannur andi Islams. Þeir eru heiðarlegir og segja beint út að Osama bin Ladin sé hetja og það sé skylda hvers múslíms að heyja jihad, heilagt stríð til að ná framgangi Islams í hverju landi. Við blekkjum okkur þegar við segjum að þessi áhersla múslíma sé einangruð við minni öfgahópa, sem sé mögulegt að einangra. **Þetta er ekki satt.** Þetta er Islam – og fleiri milljónir hrópa jihad um alla jörð "heilagt stríð". Þeir hrópa einnig Allah Akbar, sem þýðir Guð er mikill. Á síðari árum hafa múslímar dreifst um alla Evrópu og þeim fjölgar á Norðurlöndum. Einnig hefur orðið fjölgun þeirra hér á Íslandi. Þó að ennþá séu þeir í minni hluta þá skulum við muna að bæði kommúnistar og nasistar byrjuðu sem minnihluta hópar. Við skulum taka nokkur áþreifanleg dæmi um "anda islams". Nokkrum dögum fyrir sjálfsmorðsárásina á Pizzubarinn í Jerúsalem sem drap 15 gesti staðarins og særði yfir eitt hundrað og margir misstu hönd eða fót og eitt barn og eldri kona misstu sjónina, varanlega, þá hélt Sheik Ibrahim Madhi predikun í einni Gaza-moskunn. Föstudagsboðskapur hans var þann 3. ágúst frá "Húsi Allah í útsendingu sjónvarpsstöðvar PLO. Hann sagði m.a. "Þetta er jihad": Annað hvort sigur eða fórn. Hinir verstu óvinir múslímsku

þjóðanna er gyðingarnir, þeir eru bölvæðir í bók Allah (Kóraninum). Allah lýsir gyðingum sem svínum, kálfatilbiðjendum og hjáguðadýrkendum. Gyðingar hafa sýnt höggtennur sínar. Einasta lausnin er að úthella þeirra skítuga blóði. Ein leiðin er sú að við sprengrum okkur sjálf í hópi þeirra með þeirri bæn að sem flestir af þeim farist.

Blessaður sé sérhver sem drepur hermenn gyðinga. Blessaður sé sérhver sem sendir syni sína í jihad (heilagt stríð) og píslarvætti. Blessaður sé sá sem geymir kúlu og sendir hana í gengum höfuð gyðings".

Þannig boðskapur hljómar um allan heim og þessi grimmi andi Islams breiðir sig sem skógareldur um allan heim. Á Norðurlöndum er þetta orðið magnað og á Íslandi finnum við fyrir þessum anda illskunnar í garð Ísraels og gyðinga. Hinn 11. september hefur gefið okkur skarpari línur í báðum herbúðum. Fleiri og fleiri safnast nú undir merki krossins og aðrir undir sverð Allah. Við höfum ákveðið að gefa okkur algerlega undir vald þess Guðs sem við trúum á. Það er EKKI sá sami Guð.

Slæmar og góðar fréttir: Slæmar fyrir Islam en góðar fyrir Ísrael og kirkjuna.

Guð hefur ekki afneitað gyðingum og Ísrael né heldur hinum kristnu og kirkjunni.

Baráttan verður hörð og blóðug, því við erum í baráttu við islamskan her þar sem baráttuhróp þeirra er: "Drepum gyðinganna á laugardag og hina kristnu á sunnudag".

Það væri rangt að segja að kristindómurinn fjalli aðeins um "hið góða fagra og fullkomna". Við erum einnig í stríði en baráttu okkar er ekki við menn af holdi og blóði, heldur við tignirnar og völdin, við heimsdrottna þessa myrkurs, við andaverur vonskunnar í himingeimnum. Við trúum því að í Islam sé andi hins illa, en við höfum vopn sem við berjumst með, ekki sverð Allah heldur sverð Andans sem er Guðs orð. Bænin er einnig kröftugt vopn. Biðjum okkar Guð að blessa múslíma, svo þeir mættu losna úr viðjum Islam og snúa sér til hins eilífa Guðs sem er uppspretta kærleika og miskunnsemi. Þá mun bölvunin snúast í blessun.

Ólafur Jóhannsson



Ísraelsferð haustið 2000

Ferð Áslaugar Björnsdóttur

Ísrael var vafið ljóma í augum mínum og hjarta, allt í frá barnsaldri þegar ég lærði fyrst um Jesú og biblíusögurnar í sunnudagaskólanum sem barn.

Eftir að ég tók lifandi trú og fór að lesa að staðaldrí í Biblíunni þá "lifnuðu" staðirnir í Biblíunni við og atburðir hennar. Draumurinn um að ferðast á biblíuslóðir óx að sama skapi með árunum hjá mér. Svo tók ég ákvörðunina. Ég ætlaði heimsækja Landið-helga, Ísrael haustið 2000 og fara á Laufskálahátíðina. Fyrirheitna landið. Nú skyldi ég sjá sögustaði Biblíunnar með eigin augum. Spenningurinn var mikill. Brottfaradagurinn nálgast óðfluga. Stöðugar stríðsfréttir glumdu við frá fjölmiðlum um ólgu, ófrið og stríð í Ísrael. En það varð ekki til þess að ég hætti við að fara! Ég ákvað að treysta á vernd og forsjá Guðs í þeim efnum, um að allt mundi fara vel sem það og gerði! Í flugvélinni til Ísrael frá Kastrup mætti manni strax áhrif frá Ísrael. Gyðingahúfur á við og dreif á kollum samferðafólksins í vélinni og allir á leið til Ísraels á Laufskálahátíðina, sem er þriðja aðalhátið Biblíunnar.

Hitinn mætti okkur strax við komuna til Ísrael, þægilegur hiti. Ströng skoðun á komufarþegum við landingu. Síðan var stigið upp í rútu. Áfangastaðurinn var Jerúsalem. Spenningurinn var þreytunni yfirsterkari og umhverfið grandskoðað á leiðinni til Jerúsalem. Ólífutré og pálmatré blöstu við augum í rökkrunu innan um ljósín, ljósbrún falleg múrsteinshús og byggingar allt í þessum fallega ljósbrúna lit, jarðarlitnum sem heillaði mig svo. Ég man áhrifin af að koma inn í Jerúsalem að kvöldi.

Jerúsalemúrinn upplýstur, fallegar byggingar og gróðurinn margvíslegur, mannmergðin, hitinn, tungumálið, vinalegt fólk. Áhrifin voru margvísleg. Það var sérkennilegt að sjá hermenn á við og dreif til verndar borgarbúum Arabíska og hebreska

Heimsóknir

Um miðjan mars mánuð kom sendiherra Ísraels Liora Herzl sem hefur aðsetur í Noregi hingað til land til þess að afhenda forseta Íslands trúnaðarskjöl sín. Á sama tíma komu hingað fulltrúar Ísraelska ferðamálaráðuneytisins með kynningar á ferðum til Ísraels. Félagið Ísland-Palestína hvatti til mótmæla fyrir utan Grand Hótel þar sem kynningin átti sér stað. Um tvö hundruð mættu, margir með prentuð kröfuspjöld og ljósprentuð myndir sem sýndu afleiðingar hryðjuverka fjandmanna Ísraels. Á eitt kröfuspjald var teiknuð mynd af Hakakrossinum og Davíðsstjörnunni sem sameiningartákni. Fundurinn fór friðsamlega fram fyrir utan hótelið. Nokkrir ókurteisir þátttakendur komu þó inn á kynningarfundin með ófrið í huga. Nokkrir hrópuðu ókvæðisorð svo lögreglan varð að fjarlægja þá. Ung stúlka var spurð hvort hún hefði komið til Ísrael. Hún svaraði: Það er ekkert

dundu í eyrun, kaupmenn að bjóða vörur sínar í þröngum verslunargötum í gömlu Jerúsalem sem er svo heillandi. Skemmtileg veitinga- og matsöluhús bjóðandi austurlenskan mat, framandi bragð og lykt, allskonar krydd, fallett postulín á borðum. Heillandi!

Laufskálahátíðin var ógleymanleg. Ferðin í eyðimörkina og sýningin um sköpun Guðs var undurfalleg. Allt verður að upplifun í Ísrael, bara að fara í strætó, sjá Gyðingana búast til að fara í Synagógurnar, trúfesti þeirra við Torah. Hinn svarti og hvíti klæðnaður heittrúaðra Gyðinga. Þeir að lesa Ritningarnar og bænir með anda sál og líkama.


Mér eru minnisstæðar ferðir á Biblíuslóðir t.d. bátsferðin á Galíleuvatni. Þá komu upp í huga mínum atburðir Biblíunnar þegar Jesús stillti storminn og þegar hann gekk á vatninu. Áin Jórdan, skírnir, fegurð og allt umhverfi þar var eftirminnilegt. Ferð til Nasaret, Boðunarkirkjan, einnig Kana þar rétt hjá. Þaðan ókum við til Kapernaum, þar sem Jesú gerði sín mörgu kraftaverk. Einnig fórum við á þann stað þar sem Jesús flutti hina frægu Fjallræðu. Einnig er þar mjög falleg kirkja. Og svo Jerúsalem "borg Drottins á fjallinu helga". Þar er Olíufjallið og Getsemane-garðurinn. Beteshda, Golgata og gröfin tóma. Gamla borgin, innan múranna, Grátmúrinn og Musterissvæðið. Áhrifin eru sterk og mikið að sjá, heyra, upplifa og melta þegar heim er komið. Sem sagt stórkostleg ferð. Ógleymanleg. Enginn ætti að sleppa því í rauninni að fara til Ísraels minnst einu sinni á ævinni. Það er meiri háttar upplifun að fara á slóðir, Jesú. Biblían verður svo raunveruleg og Orðið lýkst sterkar upp fyrir manni. Shalom. Guð blessi þig.

land til sem heitir Ísrael, og ég vil drepa alla sem þar búa. Undirritaður gekk til hennar og spurði hversvegna hún notaði slíkt orðbragð, hvort hún væri "andsetin". Þá hrópaði hún aftur og sagðist vilja drepa okkur öll. Hjón sem stödd voru á þessum kynningarfundi og höfðu ekki haft sérlega samúð með Ísrael, fundu nú fyrir þessum "anda" haturs og grimmdar. Þau sögðust nú skilja Gyðingaþjóðina sem hefur þurft að þola slíkt ofstæki í meira en 50 ár. Þessir öfgahópar Palestínuvina gera sér ekki grein fyrir því að ef ferðafólk hættir að koma til Ísrael, þá missir fjöldi Palestínumanna lífstekjur sínar.

Biðjum fyrir Palestínumönnum og vinum þeirra, að þeir mættu öðlast sálarfrið.

Gíróseðill.

Í þessu blaði liggur gíróseðill fyrir þá sem hafa áhuga á að hjálpa starfi okkar, t.d. með útgáfu þessa fréttablaðs. Við viljum gjarnan að það komi oftast út á ári. Einnig eru aðrir liðir á séðlinum. Vinsamlega finnið ykkur ekki þvinguð til að greiða nokkuð. Blaðið er ókeypis og verður það áfram.



Ó Ísrael, bið þú Drottins, því að hjá Drottni er miskunn, hjá honum er gnægð lausnar, (Sálm.130.7)



Laufskálahátíðin

Í 14 ár hafa hópar farið héðan á hina árlegu Laufskálahátíð upp til Jerúsalem. Ennþá virðist vera áhugi, að taka þátt í þessari miklu gleðihátíð sem er nú frá 21. sept.-27. sept. Hugmynd er að fara héðan 19. sept. og til baka 29. sept. 11 dagar(10 nætur).

Við erum í tengslum við mjög gott hótél á besta stað í Jerúsalem þar sem við gistum einnig á síðasta ári. Í ferðinni gefst okkur tækifæri að fara í skoðunarferðir, t.d. til Nasaret, Kapernaum og bátsferð á Galileuvatni, ógleymanlegur dagur. Einnig heildagsferð til Massada og tækifæri að "liggja á" Dauðahafinu og njóta sólarinnar.

Auðvitað skoðum við alla helstu staði í Jerúsalem. Olíufjallið, Getsemane-garðinn, Grátmúrinn. Musterissvæðið, gröf Jesú og margt fleira.

Aðrar upplýsingar um kostnað og ferðina veitir Ólafur Jóhannsson í síma 5515843 og 8995843. Látið ekki óvininn ræna ykkur þeirri gleði sem slík þátttaka veitir.



Ferð sem aldrei gleymist.

Félagið Zíon, vinir Ísraels hafa í mörg ár stutt Skóla Vonarinnar í Beit Jala, sem er kristinn unglingskóli meðal fátækra Palestínumanna. Vilt þú vera með og hjálpa þeim? Pósthólf 8930. R.128.


Drottinn grundvallaði borg sína á heilögum fjöllum, hann elskar hlið Síonar framur öllum bústöðum Jakobs.(Sálm.87;2).

Biðjið Jerúsalem friðar. Sálmur 122:6




Útvarpsstöð fyrir þig og þína allan sólarhringinn

Sími: 567 1818



Sjónvarpsstöð með boðskap. Hvers vegna ekki að gerast stuðningsmaður? Hringdu í s: 568 3131



ÚTGEFANDI ÍSRAELSFRETTA

Félagið Zion, vinir Ísraels
Pósthólf 8930
128 RVK
www.zion.is

Ritstjóri:
Ólafur Jóhannsson

Greinar sem skrifaðar eru undir nafni eru á ábyrgð höfundar